**140. löggjafarþing 2011–2012.**
**Þingskjal 303 — 275. mál.**

# Fyrirspurn

til innanríkisráðherra um símhleranir.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

1. Hvernig er eftirliti háttað með símafyrirtækjum sem annast tengingar fyrir hleranir sem lögreglan sinnir á grundvelli fyrirliggjandi dómsúrskurðar?
2. Hvernig er eftirliti háttað með þeim einstaklingum sem annast slíkar tengingar í símafyrirtækjunum og af hverju er bakgrunnur slíkra einstaklinga ekki skoðaður eins og fram kemur í fjölmiðli 10. nóvember sl.?
3. Eru dæmi þess að símafyrirtækin hleri á eigin spýtur eða starfsmenn sem þar vinna og ef svo er, um hve mörg dæmi er að ræða?
4. Eru dæmi um að símafyrirtæki eða starfsmenn á þeirra vegum fletti upp og skoði símanúmer sem neytendur eiga samskipti um án hlerana?
5. Telur ráðherra þörf á að setja sérstakar reglur eða lög um eftirlit með símafyrirtækjum hvað hleranir varðar og ef svo er, hvenær er slíkra reglna eða frumvarpa að vænta?
6. Hvernig er eignarhaldi á stærstu símafyrirtækjunum á Íslandi háttað?

**Skriflegt svar óskast.**